

Ávarp formanns Félagsráðgjafafélags Íslands

María Rúnarsdóttir



María Rúnarsdóttir
formaður Félagsráð-
gjafafélags Íslands

Kæru félagsráðgjafar!

Ég fyllist sannri gleði þegar ég lít yfir starfsár Félagsráðgjafafélags Íslands vorið 2017 til 2018. Ég held að mér sé óhætt að segja að það sé með umsvifameiri starfsárum í sögu félagsins okkar og ber þar hæst Evrópuráðstefna félagsráðgjafa (e. IFSW European Conference) sem félagið hélt í

Hörpu í lok maí 2017.

Á ráðstefnunni hvöttu aðalfyrirlesararnir, þær Helga Þórólfsdóttir og Lena Dominelli, okkur félagsráðgjafa til þess að vera öflugir málsvarar skjólstaðinga okkar, berjast gegn niðurskurði í velferðarmálum, vera róttæk og vinna áfram að sjálfbærni samfélagsins þar sem allir hafi rými og tækifæri til að njóta sín. Ráðstefnunni eru gerð ýtarleg skil annars staðar í tímaritinu en ég nota þetta tækifæri til þess að þakka öllum þeim fjölmörgu félagsráðgjöfum sem höfðu veg og vanda af því að gera ráðstefnuna svo glæsilega sem raun ber vitni. Sérstakar þakkir fá þeir sem tóku þátt í allri undirbúningsvinnunni, Eldey Huld Jónsdóttir, Steinunn Bergmann, Hervör Alma Árnadóttir, Anni Haugen, Helga Sól Ólafsdóttir, Guðlaug María Júlíusdóttir, Kristján Sturluson, Gyða Hjartardóttir og Erla Björg Sigurðardóttir.

Það má segja að yfirskrift ráðstefnunnar, *Jaðarsetning í síbreytilegu samfélagi nútímans*, hafi hitt í mark. Umræða um jaðarsetta hópa hefur farið vaxandi á undanförunum árum og nær nú til fleiri hópa en áður. Stjórn félagsins er afar stolt af þessu verkefni og þeirri umfjöllun sem ráðstefnan hlaut í íslenskum fjölmiðlum. Við þurfum að nýta okkur þennan meðbyr og vinna áfram að því að efla félagsráðgjöf og gera hana sýnilega í íslensku samfélagi.

Annað fagnaðarefni sem ég vil nefna er frumvarp til breytinga á lögum um félagsþjónustu sem nú er til umræðu í velferðarnefnd Alþingis. Ef það gengur í gegn er lokið áratugalangri baráttu félagsráðgjafa fyr-

ir lögverndun starfa sinna, því að í frumvarpinu segir að „sveitarfélög skulu hafa á að skipa félagsráðgjöfum til að starfa að verkefnum samkvæmt lögum þessum“. Þetta er verulegur áfangi því eins og við þekkjum hefur sveitarfélögum ekki verið skylt að ráða félagsráðgjafa til að sinna félagsráðgjöf. Má búast við því að þessar breytingar kalli á enn frekari eftirspurn eftir félagsráðgjöfum og þarf að huga að gerð mannaflaspár fyrir félagsráðgjafa á næstu árum. Alger viðsnúningur hefur orðið á liðnu ári hvað varðar starfsauglýsingar og er nú nær vikulega auglýst eftir félagsráðgjöfum. Við í stjórn félagsins hyggjumst fylgjast vel með þróuninni á næstu mánuðum.

Mikið umrót hefur verið á vinnumarkaði síðastliðin ár og hefur ríkisstjórnin tekið frumkvæði að samræðum við aðila vinnumarkaðarins. Ljóst er að þetta ár framundan einkennist af umræðum um kjaramál. Samningar Félagsráðgjafafélags Íslands og annarra BHM-félaga eru lausir í mars 2019. Stefnum við að því að nýta veturinn vel til undirbúnings komandi kjaraviðræðum.

Árið 2019 verður félagið okkar 55 ára og er ánægjulegt að fimmtíu ára saga félagsins hefur verið tekin saman og gefin út á bók sem þátttakendur á Félagsráðgjafafingi 2018 fengu að gjöf. Eldey Huld Jónsdóttir, félagsráðgjafi og verkefnastjóri á skrifstofu félagsins, á heiðurinn af því að taka söguna saman með styrk frá Vísindasjóði FÍ og sá hún einnig um útgáfu bókarinnar fyrir félagið. Stéttin okkar stækkar óðum og það er mikilvægt að yngri kynslóðir félagsráðgjafa þekki sögu félagsins og baráttumál þess í gegnum tíðina. Sagan sýnir að við getum haft áhrif á samfélagsþróun og við eigum að vera keik og halda áfram ótraud að berjast fyrir betri heimi og réttlátari þar sem allir hafa tækifæri til þess að láta styrkleika sína njóta sín.

Ég hlakka til að starfa áfram með ykkur, kæru félagsráðgjafar!

María Rúnarsdóttir
formaður Félagsráðgjafafélags Íslands



Hlustið og verið róttæk!

Evrópuþing félagsráðgjafa hvatti stéttina til aukinnar róttækni og baráttu fyrir því að fá að sinna störfum sínum

Pröstur Haraldsson



Pröstur Haraldsson
bláamaður

Það var nokkur kliður í Silfurbergi Hörpu mánudagsmorguninn 29. maí í fyrra þegar þangað voru mættir liðlega 500 félagsráðgjafar víðsvegar að úr heiminum. Þar var að hefjast setningarathöfn Evrópuþings Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa (International Federation of Social Workers, IFSW). Yfirskrift þingsins var *Marginalization and social work in a changing society*, eða *Jadarsetning og félagsráðgjöf í breyttu samfélagi*. Þarna var heimurinn allur undir.

Félagsráðgjöf heimsins er að mestu borin upp af konum, eins og forseti Evrópuþingdóttur IFSW nefndi í ræðu sinni, og það var því við hæfi að Vox Feminae undir stjórn Margrétar Pálmadóttur ætti fyrsta orðið og slægi tóninn fyrir þingstörfin. *María Rúnarsdóttir* formaður Félagsráðgjafafélags Íslands setti þingið og bauð gesti velkomna fyrir hönd gestgjafa. Síðan fékk orðið *Ana Isabel Lima* frá Spáni sem er forseti Evrópuþingdóttur IFSW.

Karlmenn voru þó ekki jadarsettir í Hörpu því næstur tók *Guðni Th. Jóhannesson* forseti til máls. Eftir að hafa óskað ráðstefnunni velfarnaðar í umfjöllun og umræðum um mikilvæg störf félagsráðgjafa vitnaði hann í Tómas Guðmundsson sem orti á sínum tíma:

*Því meðan til er böll sem bætt þú gast,
og barist var á meðan hjá þú sast,
er ólán heimsins einnig þér að kenna.*

Segja má að þessi orð hafi sviðið yfir vötnum ráðstefnunnar allan tímann sem hún stóð. Á eftir forsetanum kom þáverandi ráðherra velferðar- og jafnréttismála, *Þorsteinn Víglundsson*, í pontu og tók undir orð forseta um mikilvægi starfa félagsráðgjafa. Eins og sönnnum pólitíkusi sæmir vildi hann líka benda á að

ríkisstjórnin hefði ýmis áform uppi, þar á meðal frumvarp um jafnlaunavottun sem var þá til afgreiðslu í þinginu og varð að lögum þremur dögum seinna. Fyrir það uppskar hann sérstakt lófaklapp.

Hamingjudagur

Á meðan á hátíðinni stóð voru sýnd á skjá viðbrögð ráðstefnugesta og annarra sem fylgst gátu með henni í streymi við því sem gerðist í salnum. Þar voru breskir félagsráðgjafar og fleiri undrandi og dálítið hræðir yfir því að þarna skyldu mæta bæði forseti lýðveldisins og ráðherra félagsmála. Því væri nú ekki að heilsa í öllum löndum að forráðamenn vildu kannast við þessa starfsstétt, hvað þá mikilvægi hennar í samfélaginu.

Nú var komið að hlut *Ilmar Kristjánsdóttur* sem fyrst var í gervi formanns velferðarráðs Reykjavíkurborgar og ávarpaði gesti ráðstefnunnar. Hún ræddi meðal annars um hlutverk sköpunarkraftsins í starfi félagsráðgjafa, honum þyrftu stjórnáráðgjafar að gefa nægt rými í stofnunum sem þeir ráða. Svo breytti hún sér í leikkonu og stýrði af mikilli röggsemi kynningu þeirra þjóða sem áttu fulltrúa í salnum og bað þá að standa upp og bjóða góðan daginn á móðurmáli sínu þegar þjóðfáni þeirra birtist á stórum skjá. Þessu lauk svo með því að Vox Feminae kom aftur á svið og söng í lokin *Oh, happy day* sem gestir tóku undir og komust í gott stuð áður en farið var í kaffi.

Aðalræða 1

Eftir kaffidrykkjuna hófst alvara lífsins, ef svo má segja, með öðru tveggja aðalerinda ráðstefnunnar. Íslenskir félagsráðgjafar eru svo lánsamir að geta teft fram þungavigtarmanneskju á heimsmælikvarða þar sem er *Helga Þórólfsdóttir*. Hún hefur margþætta reynslu, fyrst sem almennur félagsráðgjafi í Reykjavík að loknu námi í Svíþjóð, síðan sem starfsmaður við hjálparstörf á svæðum þar sem náttúruhamfarir eða „skipulagt ofbeldi“ hafa rústað samfélögum og lífi almennings. Loks



hefur hún stundað akademískar rannsóknir á hjálparstörfum og er með doktorsritgerð í smíðum. Sú á að bera heitið *Í stríði fyrir frið* (At War for Peace).

Ræðu Helgu verða gerð betri skil á öðrum stað í blaðinu en hér má þó nefna það sem hún sagði að hefði komið sér verulega á óvart þegar hún sóttist eftir þátttöku í hjálparstarfi snemma á tíunda áratug síðustu aldar. Það var eiginlega engin eftirspurn eftir þekkingu og reynslu félagsráðgjafa í því starfi. Menn einblíndu á tæknilegar og fjárhagslegar hliðar vandans en hirtu lítið um að sinna félagslegum vandamálum þeirra sem þó var verið að hjálpa. Þetta hefði því miður ekki breyst mikið.

Aðalræða 2

Eftir hádegisdag hófust málstofur sem stóðu fram eftir degi, margar í gangi í senn. Þar var tekið á fjölbreyttum málefnum og hliðum á störfum félagsráðgjafa sem blasa við þeim á hverjum degi en fara ekki endilega hátt í fjölmöðlum. Ráðstefnugestir dreifðu sér á fjölmörg salarkynni Hörpu og urðu eflaust flestir margs vísari, fengu jafnvel útrás fyrir hluti sem hvíldu á þeim í daglegum störfum – og svo lausn á vandanum í bónus!

Þriðjudagurinn 30. maí hófst með hinni aðalræðunni á ráðstefnunni. Þar var ekki í kot vísað því *Lena Dominelli* frá háskólanum í Durham á Norður-Englandi tók salinn með trompi. Eða eins og Þórey Guðmundsdóttir nefndi í pallborðsumræðum seinna um morguninn: Það þyrfti hvert land að eiga í það minnsta eina Lenu. Ræðu Lenu verða gerð skil í annarri grein hér í blaðinu sem og setningarræðu Önu Isabel Lima.

Fyrsti félagsráðgjafinn og gamlir reynsluboltar

Að þrumuræðu Lenu Dominelli lokinni tók við pallborð undir stjórn *Ellýjar Öldu Þorsteinsdóttur* skrifstofustjóra í velferðarráðuneytinu. Yfirskrift þess var *Frá jaðarsetningu til stöðugleika samfélags og umhverfis*. Þátttakendur voru *Guy Shennan* úr stjórn samtaka breskra félagsráðgjafa, *Ia Shekriladze* háskólakennari og framámaður í samtökum félagsráðgjafa í Georgíu, *Josien Hofs* stjórnarmaður í samtökum hollenskra félagsráðgjafa og svo áður nefnd *Þórey Guðmundsdóttir*.

Samsetning þessa hóps átti eflaust sinn þátt í því hve fjörugar umræðurnar urðu. Annars vegar voru tveir reynsluboltar frá Hollandi og Englandi þar sem félagsráðgjöf á sér langa sögu og mikla hefð. Hins vegar yngri konur frá Georgíu og Íslandi. Sú fyrrnefnda er þrátt fyrir ungan aldur önnur tveggja fyrstu félagsráðgjafa sem öðluðust menntun og starf á

grundvelli hennar í Georgíu, í upphafi þessarar aldar. Meðan sovétstjórnin hafði völdin í landinu þótti þessi stétt algerlega óþörf, það væru engin félagsleg vandamál. Annað var að heyra á Ia Shekriladze sem sagði mikið starf framundan við að draga úr jaðarsetningu hópa á borð við fólk í kynáttunarvanda og Romabjórðina.

Og svo var það hún Þórey sem sló í gegn í þessu pallborði og uppskar lófaklapp oftast en einu sinni fyrir skelegg ummæli. Hún er tiltölulega nýútskrifuð sem félagsráðgjafi en hefur átt við geðrænan vanda að stríða og þekkir því „kerfið“ bæði sem starfsmaður þess og notandi þjónustu. Hún ræddi meðal annars um hættuna á því að félagsráðgjafar töluðu ofan úr kerfinu niður til notenda í stað þess að tala við þá sem jafningja. Þegar þátttakendur voru beðnir að nefna nokkur lykilatriði sem félagsráðgjafar þyrftu að hafa hugföst í störfum sínum sagði hún: Hlustið, verið málsvarar, verið róttæk! Og salurinn svaraði með lófaklappi.

Bretar í kosningaham

Umræður á ráðstefnunni báru talsverðan keim af því sem var og er að gerast í Bretlandi enda fulltrúar enskumælandi ríkja fjölmennir. Þetta var rúmri viku fyrir kosningar þar sem félagsráðgjafar og fleiri stéttir velferðar-, heilbrigðis- og menntakerfisins áttu í mikilli varnarbaráttu til þess að afstýra og helst snúa við þeim skipulagða niðurskurði félagslegrar þjónustu sem stjórn Íhaldsflokksins hefur staðið fyrir og lofaði framhaldi á í kosningabaráttunni. Guy Shennan sagði meðal annars frá göngu sem hópur félagsráðgjafa gekkst fyrir frá Birmingham til Liverpool nú á vordögum. Gangan var 100 mílur eða rúmlega 160 kílómetrar og var farin undir vígorðinu *Boot out Austerity!* Niður með niðurskurðinn!

Ráðstefnunni lauk eftir málstofur síðdegis 30. maí og um kvöldið var slegið upp partí í Iðnó. Þessari lotu var lokið en félagsráðgjafar eru ekki hættir að ræða mál in því á Írlandi verður næsta sumar haldið alþjóðþing félagsráðgjafa þar sem áfram verður rætt um jaðarsetningu, starf félagsráðgjafans og um það hvernig hægt er að koma á félagslega sjálfbærnu samfélagi þar sem heill almennings ræður ferðinni en ekki hagsmunir prósentisins eina sem er svo frekt til fjörsins.

Nánar verður fjallað um helstu umfjöllunarefni Evrópuþingsins í annarri grein hér í blaðinu. Af nógu er að taka og Félagsráðgjafafélag Íslands getur verið fullsæmt af þessu vel heppnaða Evrópuþingi, því fyrsta sem haldið er hér á landi.



Hættum að búa til þessa „hina“!

Umræður á Evrópuþingi Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa leiddu í ljós að erfitt er fyrir stéttina að leiða hjá sér heimspólítíkina í daglegu starfi, því hún situr hinum megin við borðið

Próstur Haraldsson



Próstur Haraldsson
blaðamaður

Kosturinn við stórar ráðstefnur eins og Evrópuþing Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa er ekki síst sá að þar heyrast svo mörg sjónarmið. Í Hörpu var í maðlok á stjái fólk frá hartnær fimmtíu löndum, frá Ástralíu yfir Bandaríkin, Evrópu og allt til Indlands og Japan. Gallinn við stórar ráðstefnur er hins vegar sá að þar

eru flutt mörg erindi á nokkrum dögum og ógjörningur að fylgjast með þeim öllum. Það þarf her manns til að mæta á allar málstofur. Hér verður þó reynt að gefa mynd af helstu málum sem þingfulltrúar ræddu.

Yfirskrift þingsins var í góðu samræmi við það sem er að gerast í heiminum um þessar mundir: *Jaðarsetning og félagsráðgjöf í breyttu samfélagi*. Allt það umrót sem verið hefur á stóra sviðinu undanfarin ár hefur náð inn á skrifborð félagsráðgjafa. Svo vitnað sé til

setningarræðu *Önu Isabel Lima*, forseta Evrópudeildar IFSW, er það „af því að við verðum vör við allar breytingar sem verða á sviði alþjóðlegs efnahags- og stjórnmálalífs um leið og þær byrja að hafa áhrif á fólk og samfélög“.

Það væri að æra óstöðugan að telja upp þann vanda sem samfélög heimsins hafa átt við að etja undanfarin ár. Að frátöldum hefðbundnum heimatilbúnum vanda á borð við sveiflur í efnahagslífi og pólitík eru það stríðsátök víðsvegar í heiminum sem leitt hafa til mikils flóttamannastraums, átök ríkja, og margs konar fylkinga og hópa á grundvelli trúar, uppruna, kynhneigðar og fleiri þátta. Við þetta bætast átök um auðlindir og vaxandi áhrif hlýnunar andrúmsloftsins sem leitt hafa til náttúruhamfara og aukid flóttamannavandann. Bandarísku hjálpar samtökin CARE segja að árið 2015 hafi flóttamenn af völdum loftslagsbreytinganna verið 15 milljónir og þau sjá fram á að þeir verði orðnir um 250 milljónir um miðja þessa öld.

„Við og hinir“ er pólitískt val ...

Viðbrögðin við þessum aukna straumi flóttafólks – og raunar líka annars konar flutningi fólks milli landa – hafa verið af ýmsu tagi en þó er jaðarsetning sennilega útbreiddust. Tilhneiging samfélagsins til þess að skipta fólki í hópa, „okkur“ og „hina“. Á ensku eiga þeir til ágætt orð yfir þetta, „othering“, að búa til „hina“. *Hinir* eru allir þeir sem ekki falla inn í þrengstu skilgreiningu á því hverjir eigi „fæðingarrétt“ og sögulegar hefðir fyrir tilveru sinni innan um „okkur“. Það getur verið flóttafólk, aðrir útlendingar, fólk með aðra kynhneigð en gagnkynhneigð, að ótöldum eldri jaðarhópum á borð við fanga, fíkla, geðfatlaða og fátæklinga.

Orðið *sjálfbærni* kom oft við sögu á þinginu en hingað til hefur það einkum verið notað í tengslum við umhverfismál. Ana Isabel Lima var ekki ein um að gagnrýna að hugtakið skuli vera túlkað svo þröngt



Á myndinni frá vinstri Kristján Sturluson, Steinunn Bergmann ráðstefnustjóri, Ana Isabel Lima forseti Evrópudeildar Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa, forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, María Rúnarsdóttir formaður FÍ, Þorsteinn Víglundsson félagsmálaráðherra og Ellý Alda Þorsteinsdóttir.

og eingöngu út frá efnahagslegu sjónarhorni. „Sem félagsráðgjafi sætti ég mig ekki við þetta. Við viljum að stjórnvöld sýni ábyrgð og tryggji fólki réttindi sem eru mótuð með hliðsjón af tillögum öflugra samfélaga og í samráði við þau,“ sagði hún og bætti því við að breytt stefna í félagsþjónustu verði að byggjast á að stuðla að þróun samfélaga í stað þess að eingöngu sé litið á félagsþjónustuna sem aðstoð. „Stefnan hlýtur að taka mið af því að leita jafnvægis milli einstaklingsins og hins félagslega velferðarkerfis.“

Um sjálfbærnina sagði hún einnig að í þúsaldar-markmiðum Sameinuðu þjóðanna væri sjónum beint að verndun umhverfisins en það fæli í sér náttúruna, landið og samfélagin. „Einstaklingshyggja og neysluhyggja skapa ójafnvægi í samskiptum fólks við umhverfið og samfélagið. Lífkerfin veikjast og það skapar félagslegan vanda. Það er réttlætismál að almenningur taki þátt í að móta og þróa reglur um umhverfið. Til þess að það geti orðið er framlag félagsráðgjafa grundvallaratriði,“ sagði Ana Isabel Lima.

... og niðurskurðurinn líka

Lena Dominelli er mikill eldhugi með tvöfaldan ríkisborgararétt, breskan og kanadískan. Hún kennir og starfar við háskólann í Durham í Norður-Englandi, heimabæ Tonys Blairs, en er augljóslega lítill aðdáandi hans. Hún hefur oft komið til Íslands og er mörgum íslenskum félagsráðgjöfum að góðu kunn. Hún er mikill umhverfissinni og nefndi oft sjálfbærni í ræðum sínum á þinginu. Annað lykilorð í málflutningi hennar var „austerity“, niðurskurðarstefna stjórnvalda, og hún var alveg með það á hreinu hvar orsakanna fyrir henni væri að leita.

Það er nýfrjálshyggjan sem ræður því pólitíska vali að fylgja niðurskurðarstefnu og jaðarsetningu, að sögn



Prófessor Lena Dominelli flutti erindið *Getting the „Short Straw“: Precariousness, Marginalisation and Climate Change*.

Lenu. Það er með öðrum orðum ekkert náttúrulegt mál að verki í niðurskurði stjórnvalda í velferðarkerfinu heldur beinhardar pólitískar ákvarðanir. „Meginástæðan er nýfrjálshyggjan og þróunarlíkan hennar, sem hefur yfirtekið heiminn í skjóli alþjóðavæðinganna. Klær hennar teygja sig um allan heim, þar á meðal inn í myrkviði Amason. Þar er verið að ryðja skóga og útrýma plöntum og lífverum. Til hvers? Jú, til að rækta sojabaunir sem eru arðbær útflutningsafurð. Á þeim er hægt að verða ríkur í hvelli og láta sig svo hverfa. Vinsamlega hættið því að borða tofú!“ sagði hún og hélt áfram:

„Heimspeki nýfrjálshyggjunnar er ný tegund kúgunar. Að mörgu leyti erum við efnalega verr sett núna en á síðustu öld. Nýfrjálshyggjan krefst þess að við séum sjálfum okkur næg sem einstaklingar. Samfélagið skiptist í þrjá hópa: Hinir velferðarauðugu geta keypt sér allt sem þeir þurfa en eru afar lítill hluti samfélagsins, fara kannski hæst í 20% á Norðurlöndum. Svo er það milli-stéttin, hinir öryggislausu, um 30%, sem bjarga sér ef þeir halda vinnunni en óttast stöðugt að missa hana og falla niður í þriðja flokkinn, hina útskúfuðu, um 50% íbúanna.

Á hinn bóginn eru svo fyrirtækin, sem lúta fáum reglum, og okkur er í sífellu sagt að reglunum þurfi að fækka enn meir á sama tíma og daglegt líf er bundið í æ fleiri reglur, sett undir eftirlit og stéttarfélögum gert erfitt fyrir. Fyrirtæki sem ekki eru sett undir neinar reglur eru að sögn lífsnauðsynleg fyrir efnahaginn og samkeppnishæfnina. Á sama tíma er einkavæðingin notuð til þess að flytja fjármuni út úr velferðarkerfinu til hinna auðugu sem enga þörf hafa fyrir þá, þeir hafa nóg fyrir.

Félagsfræðingurinn Ulrich Beck sagði að við lifðum í áhættuþjóðfélagi. Ég held að ástandið sé enn verra, við lifum í brothættu samfélagi sem viðurkennir ekki einu sinni þá áhættu sem blasir við því. Skrifinnar hafa fellt áhættuna inn í krossapróf þar sem enginn munur er gerður á því hvort um er að ræða lífshættu eða smávægilega óheppni. Við getum ekki tekist á við þetta brothætta ástand því stjórnin á því er í höndum lítillar elítu sem enga ábyrgð tekur og er ekki sett undir neitt yfirvald,“ sagði Lena.

Er markaðurinn lausnin?

Hún hélt áfram og vitnaði til lista tímaritsins Forbes um auðugasta fólk í heimi, en þeir hafa verið birtir frá 1980. Á fyrsta listanum voru milljarðamæringar heimsins sagðir vera um 400. Árið 2007 hafði þeim fjölgað um líðlega helming upp í 900. Árið eftir varð efnahags-



Frá fyrirlestri Lenu Dominelli.

hrun og heimskreppa í kjölfar þess. Samt töldust þeir sem áttu eignir sem námu 1 milljarði Bandaríkjadala (um 100 milljörðum króna þegar greinin er skrifuð) vera orðnir 2.033 á listanum 2017. Tveir þeir ríkustu, Bandaríkjamennirnir Bill Gates og Warren Buffett, áttu meira fé en 48 fátækustu ríki heimsins til samans.

„Misréttið hefur því aukist verulega á tímum nýfrjálshyggjunnar og þeir sem verða útundan eru konur, börn og gamalmenni, auk minnihlutahópa. Ríki Vesturlanda hafa í vaxandi mæli brugðist við afleiðingum misréttisins heimafyrir með því að rýra kjör fólks með ýmsum brögðum. Við það bætist það sem ég kalla fjárleka úr velferðarkerfinu yfir til einkafyrirtækja. Auðugt fólk nýtur þess sem kallað er velferðarkerfi fyrirtækjanna – leyndar niðurgreiðslur til fyrirtækja. Um þetta talar enginn því einblínt er á fátækt fólk sem leitar sér hjálpar og því haldið fram að úr henni þurfi nauðsynlega að draga sem mest.

Við höfum sett okkur þúsaldarmarkmið og fleiri viðmið sem beinast að því að jafna kjörin og draga úr fátækt, en þau duga skammt af því við viljum ekki takast á við félags- og efnahagsleg vandamál sem viðhalda misréttinu. Við verðum að spyrja spurninga á borð við: Er markaðurinn örugglega besta leiðin til þess að dreifa vörum og þjónustu til fólks? Eða veldur hann sóun og óskilvirkni? Mín skoðun fer ekkert á milli mála eins og þið hafið heyrt.“

Félagsráðgjöf í uppmælingu

„Í Bretlandi er grafið undan stétt félagsráðgjafa með ýmsum hætti. Til dæmis er þar starfrækt þjónusta sem nefnist Troubled Families Project. Þar starfar ófaglært fólk á lægri launum en félagsráðgjafar og það fær borgað eftir árangri! Ef starfsfólkið getur ekki sýnt fram á að þeirra fjölskyldur séu hættar að þiggja bætur og fyrirvinnurnar komnar í vinnu, þá fær það engin laun. Rannsóknir sýna að þessir starfsmenn ná árangri með því að þrýsta á einstæðar mæður að þiggja tilboð

um láglaunastörf sem nægja ekki til að framfleyta fjölskyldunni. Þær þurfa því að þiggja matargjafir og reiða sig á ættingja og vini til að komast af.“

Í þessu sambandi vísaði Lena til frægrar kvikmyndar sem fékk Gullpálmann í Cannes 2016, *I, Daniel Blake* eftir breska leikstjóranum Ken Loach. Þar lendir söguhetjan, 59 ára gamall smiður, í því að fá hjartaáfall. Læknir úrskurðar hann óvinnufæran en félagslega kerfið tekur ekki mark á því. Hann er neyddur til að taka hvaða atvinnutilboði sem berst en tollir ekki lengi í ófaglærðum láglaunastörfum. Þá getur kerfið hent honum út af bótum fyrir að hafna starfstilboði. Hann á engan rétt og myndin endar í táraflóði í salnum.

Þeir sem starfa hjá félagsþjónustunni, bæði í myndinni og í vaxandi mæli í veruleikanum, eru ekki félagsráðgjafar heldur ófaglært fólk sem hefur hlotið sex vikna námskeið um að hjálpa fólki að útfylla eyðublöð. Þeim sem þetta skrifar var sagt að eyðublöðin væru að stofni til þau sömu og notuð eru hjá Tryggingastofnun ríkisins til þess að ákvarða örorkumat.

„Félagsráðgjafar eru fléttaðir inn í þennan víta-hring með „nú tíma væðingu“ – varið ykkur á þeim sem nota það orð! Við verðum að setja markið hærra en að tryggja lágmarkslífsgæði, við þurfum að auka þekkingu og hæfni fólks svo það geti brotist út úr fátæktargildrunum. Við verðum að hætta að deila og drottna, neita að taka þátt í að etja saman þjóðfélagsþópum eftir stéttarstöðu, trúarskoðunum, kynjum og litarhætti. Við viljum það ekki, við viljum skapa samfélag sem hefur rúm fyrir alla,“ sagði Lena Dominelli og uppskar mikil fagnaðarlæti þegar hún lauk máli sínu.

Af hverju eruð þið hér?

Lena eyddi miklu púðri í að lýsa áhrifum frjálshyggjunnar í Bretlandi og á Vesturlöndum. En hvað um stríðsátökin í heiminum sem valda stærstum hluta flóttamannastraumsins í heiminum? Er ekki skylda okkar á Vesturlöndum að freista þess að bæta þau lífskjör sem fólk býr við á átaka- og hamfarasvæðum?

Þar er komið að hlut *Helgu Þórólfsdóttur* sem raunar vill ekki tala um hernað eða stríðsrekstur heldur það sem hún nefnir „skipulagt ofbeldi“. Undir það felldi hún bæði stríðsrekstur opinberra herja og hryðjuverk mismikið skipulagðra hópa vígamanna sem berjast jafnt með sprengjum, skotárásum, sjálfsmorðsárásum sem nauðgunum, mannránunum og skipulögðu kynferðislegu og líkamlegu ofbeldi af öðru tagi.

Helga fór yfir feril sinn og þroska sem félagsráðgjafi sem hefur lengi unnið við hjálparstörf á svæðum þar sem náttúruhamfarir eða stríðsátök hafa orðið. Fyrst

fór hún til Sómalíu árið 1993 en það ríki var þá sem nú á barmi upplausnar vegna innbyrðis átaka. Í höfuðborginni Mógadisjú hittu hún fyrir hóp innfæddra kvenna í eldhúsi starfsstöðvar hjálpar samtakanna. Þær voru heilbrigðisstarfsmenn og unnu á spítala sem samtökin styrktu. Þegar Helga hafði kynnt sig spurðu þær nokkurra erfiðra spurninga:

- Hvers vegna vilja útlendir hjálparstarfsmenn yfirgefa friðsæl heimkynni sín og fjölskyldur til þess að aðstoða útlendinga sem eiga í stríði?
- Hvers vegna eruð þið útlendingarnir sípirraðir á því að starfa með fólkinu sem þið komið til þess að veita aðstoð? Af hverju líkar ykkur ekki við okkur?
- Það er eins og við gerum aldrei neitt rétt. Hvers vegna gleðjist þið ekki yfir þeim forréttindum að geta yfirgefið heimalandið til þess að hjálpa ókunnugum?

Helga sagðist oft hafa rifjað þennan fund upp en ekki gæti hún enn svarað spurningum kvennanna.

Hjálparstarf á að vera þróunarstarf

Helga sagðist hafa fengið starfið í Mógadisjú þrátt fyrir að hún væri menntuð í félagsráðgjöf en ekki vegna þess að sóst væri eftir fólki með þá menntun. Hjálparstofnirnar virtust því miður enn vera við svipað heygards-

horn, að líta á hjálparstarf sem tæknilegt, verkfræðilegt og peningalegt verkefni, ekki sem aðstoð við að reisa við og þróa samfélög sem lenda í áföllum. Hún sagðist hins vegar hafa fundið hversu vel menntun hennar og reynsla sem félagsráðgjafi nýttist henni í hjálparstarfinu.

„Á þeim grunni nálgadist ég starf mitt. Ekki sem dreifandi efnislegra gæða heldur sem utanaðkomandi erlend íhlutun í óþekkt samfélög og líf annars fólks. Skilyrði þess að ég næði árangri var að fólkið gerði sér grein fyrir þeirri aðstöðu sem ég var í. Sem félagsráðgjafi lagði ég mig fram um að ráða fram úr flóknum aðstæðum og gera mér grein fyrir tengslum manna á milli. Átta mig á því hvernig fólkið héldi lífi við erfiðar aðstæður,“ sagði Helga.

Samtímis gerði hún sér grein fyrir takmörkunum sínum sem útlending sem hafði stuttan tíma til þess að komast til botns í því sem var að gerast á staðnum. Það gerði hana valdalaus, samtímis því sem hún hafði talsverð völd sem útlendur sérfræðingur sem réð yfir alldigrum sjóðum samtakanna, og gat auk þess hvenær sem hún óskaði þess horfið af vettvangi og snúið heim ef hitinn á staðnum yrði óbærilegur.

Vegir valdsins og virðing fyrir fólki

Helga sinni hjálparstörfum í rúman áratug, oftast á áttaskvæðum, en sneri þá heim til Íslands og starfaði sem stjórnandi og við stefnumótun á sviði hjálparstarfs.



Helga Þórólfsdóttir, félagsráðgjafi, flutti erindið Crossing Borders: Social Work and Humanitarian Action.



Hún hóf einnig rannsóknir sem beindust sjálfkrafa að hjálparstarfinu. „Rannsóknirnar hafa ásamt eigin reynslu leitt í ljós að skiptingin í okkur og hina hefur dregið úr fagmennsku í aðstoð við útlendinga,“ sagði hún, en bætti við að með því ætti hún ekki við skort á tæknilegum og faglegum vinnubrögðum heldur gömlu góðu gildin sem hún lærði á námsárunum:

- Mikilvægi þess að gera sér heildarmynd af starfinu sem miðast að því að hjálpa fólki við að lifa af og sýna því virðingu.
- Að skilja vegi valdsins í hjálparstarfinu og horfast í augu við að bara það að gefa aðstæðum og fólki nöfn skipar fólki í hópa og getur lyft sumum á stall en gert aðra að ómennskum óvinum.
- Að horfa í eigin barm og gera sér grein fyrir hvað það er sem ræður gjörðum okkar og mótar þarfir okkar, hagsmuni, styrkleika og veikleika. Að skilja gagnkvæmnina í hjálparstarfinu og taka mið af bæði því sem er sambærilegt og hinu sem er ólíkt.

Hér verður ekki vitnað frekar í vandað erindi Helgu en niðurstaðan var í anda þeirra gömlu sanninda að til þess að skilja heiminn og annað fólk verða félagsráðgjafar og aðrir sem sinna störfum á velferðarvakt heimsins að skilja sjálfa sig, spyrja krefjandi spurninga og leita stöðugt svara. Annars verður hjálparstarfið yfirborðslegt og áhrif þess fjara fljótt út.

Mannúð og vilji til breytinga

Helga og margir fleiri vísuðu til þess að starf félagsráðgjafa væri fyrst og síðast mannúðarstarf sem tekur mið af Mannréttindaskrá Sameinuðu þjóðanna. Á það var bent í einum fyrirlestrinum að þar þyrftu félagsráðgjafar framfarir að hafa 23. grein yfirlýsingarinnar í huga í starfi sínu. Hún hljóðar svo:

1. Allir eiga rétt til atvinnu að frjálsum vali, til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða og til verndar gegn atvinnuleysi.
2. Allir skulu, án nokkurrar mismununar, eiga rétt á sömu launum fyrir sömu störf.
3. Allir sem vinna stunda, skulu bera úr bótum sanngjarnt og hagstætt endurgjald, er tryggi þeim og fjölskyldum þeirra mannsæmandi líf skjör. Þeim ber og önnur félagsleg vernd, ef þörf krefur.

4. Allir hafa rétt til að stofna stéttarfélög og ganga í þau til verndar hagsmunum sínum.

Til þess að eitthvað breytist verða félagsráðgjafar þó að vera reiðubúnir að takast á við breytingarnar. Í setningarræðu sinni sagði Ana Isabel Lima að frá ráðstefnunni í Hörpu myndu berast skilaboð um það hvernig félagsráðgjafar geti hjálpað fólki við að efla hæfileika sína og getu til að takast á við erfiðar aðstæður í lífinu. Þar þurfa ekki öll verkefni að vera stór eða víðtæk heldur fyrst og fremst að miða að því að bæta nærumhverfi fólks.

Hollenski félagsráðgjafinn *Josien Hofs* nefndi tvö slík verkefni sem gripið hefði verið til í heimalandi hennar. Annað snerist um það að endurreisa hverfisbókasöfn sem borgarstjórn Amsterdam hafði lagt niður í sparnaðarskyni. Nú er það fólk á bótum sem sér um rekstur þeirra. Reksturinn veitir því mikla ánægju og styrkir að sjálfsögðu hverfissamfélagið. Hitt er garðyrkjuhreyfing sem aðstoðar fólk sem á garða en hefur ekki efni á að halda þeim í horfinu. Þar vinna sjálfboðaliðar úr röðum geðfatlaðra sem hafa verið sviptir dagvistarþjónustu. Nýlega hóf þessi hreyfing matjurtaræktun á eigin vegum, þar sem fátækt fólk getur fengið grænmeti án endurgjalds.

Þetta eru dæmi um smá verkefni sem virka vel og veita mörgum ný tækifæri. Mörg þessara verkefna þurfa ekki mikið fé í upphafi en þegar þau eru komin á skrið er hægt að nota söguna af þeim til þess að knýja á um fé frá stjórnvöldum til þess að reka þau faglega. Það er kannski mergurinn málsins: Að fjölga sögum úr samfélaginu sem hreyfa við stjórnvöldum. Þá mjakast þetta allt í rétta átt.

Þetta voru stóru línurnar í umræðum á Evrópuþingi Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa í Hörpunni í lok maí. Að sjálfsögðu voru alls konar mál, smá og stór, til umræðu í fjölmörgum málstofum um allt hús. Það var rætt um aðstoð við börn, aldraða og allt þar á milli, fagleg vinnubrögð skoðuð í þaula og hugmyndum miðlað í gríð og erg. Svo tóku ráðstefnugestir sér hlé frá umræðunum inn á milli, fengu sér kaffi og með því eða hlustuðu á Eddu Björgvins og Bjart Guðmundsson sem tóku að sér að lyfta huga (og jafnvel einnig líkama) viðstaddir. Auka þeim úthald við að meðtaka þann ótæplega fróðleik sem á boðstólum var.

Semsagt gott, eins og Jón Grunnvíkingur sagði.



Opnun Evrópuráðstefnu félagsráðgjafa 2017 var í Hvalasafninu.



Frá opnun ráðstefnunnar.



Við setninguna voru þáttökulöndin kynnt og gerði það Ilmur Kristjánsdóttir formaður velferðarráðs Reykjavíkur.



Kvennakórinn Vox Feminae söng við opnunina undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur.



Í anddyri Hörpu mátti finna fjöldann allan af veggspjöldum.



Alþjóðasamtök félagsráðgjafa, IFSW, og Guardian voru meðal þeirra sem voru með kynningarborð á ráðstefnunni.



Á öðrum degi ráðstefnunnar fóru fram pallborðs umræður undir stjórn Ellýjar Öldu Þorsteinsdóttur.



Bjartur Guðmundsson og Edda Björgvinsdóttir sáu um að halda ráðstefnugestum í formi andlega og líkamlega.



Nýir sérfræðingar í félagsráðgjöf



Hinn 25. janúar 2018 fékk Anna Dóra Sigurðardóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á heilbrigðisviði. Anna Dóra lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands í febrúar 1988 og meistaraprófi frá sama skóla 2009. Hún hóf störf hjá Landspítala Háskólasjúkrahúsi eftir útskrift og starfar þar enn.

Starfsvettvangur hennar hefur einkum verið lyf- og skurðlækningadeildir ásamt verkefnisstjórn í félagsráðgjöf. Anna Dóra hefur einnig sinnt stundakennslu við Félagsráðgjafardeild HÍ í gegnum tíðina og var skipuð prófdómari við sömu deild árið 2012.



Hinn 15. febrúar 2017 fékk Sigrún Ingvarsdóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf í öldrunarþjónustu. Sigrún lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands í júní 2000 og meistaranámi í félagsráðgjöf á sviði öldrunarmála í febrúar 2010.

Sigrún hefur starfað sem félagsráðgjafi hjá öldrunarþjónustudeild Félagsþjónustunnar í Reykjavík og hjá borgarhlutaskrifstofu borgarinnar. Hún hefur verið forstöðumaður yfir þjónustuþáttum aldraðra og verkefnastjóri hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Hún starfar nú sem deildarstjóri hjá Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Sigrún hefur sinnt ýmsum öðrum störfum, svo sem stundakennslu hjá Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og stundakennslu í endurmenntun hjá Mími og Framvegis, auk fræðslu um starfslok hjá stéttarfélögum og fyrirtækjum. Sigrún sat í stjórn Öldrunarfræðafélags Íslands á árunum 2003–2011, þar af sem formaður frá 2005. Sigrún starfar nú í stjórn Öldrunarráðs Íslands.



Hinn 28. nóvember 2017 fékk Steinunn Bergmann réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði barnaverndar. Steinunn lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands haustið 1995, diplómanámi í barnavernd haustið 2001 og meistaraprófi í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands haustið 2009. Steinunn starfaði sem félagsráðgjafi og deildarstjóri hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík á borgarhlutaskrifstofunni í Breiðholti til ársins 2005 og sem verkefnisstjóri hjá Velferðarsviði Reykjavíkur frá 2005–2007. Hún hóf störf sem sérfræðingur hjá Barnaverndarstofu árið 2007. Að auki hefur Steinunn sinnt kennslu um barnavernd á Menntavísindasviði Háskóla Íslands frá árinu 2006.



Hinn 9. janúar 2018 fékk Vigdís Löve Jónsdóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á heilbrigðisviði. Vigdís lauk námi í félagsráðgjöf frá Lúndarháskóla í janúar 1982 og meistaraprófi frá sama skóla 2008. Fyrstu þrjú árin sem félagsráðgjafi starfaði hún

við félagsþjónustu í Svíþjóð en hefur frá hausti 1985 starfað á Landspítalanum. Starfsvettvangur Vigdísar eftir að hún lauk meistaragráðu hefur verið við göngudeild geðsviðs við Hringbraut á árunum 2009–2015 og við barna- og unglingsgeðdeild (BUGL) frá september 2015 og starfar hún þar nú. Áður hafði hún starfað á Barnaspítala Hringingsins, á lyf- og skurðdeildum við Hringbraut og síðan sem forstöðufélagsráðgjafi vefrænna deilda Landspítalans til ársins 2009. Vigdís hefur sérhæft sig í fjölskylduvinnu og fjölskyldumeðferð og lauk námi í fjölskyldumeðferð frá EHÍ vorið 2011.



Hinn 13. mars 2018 fékk Guðrún Þorsteinsdóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu og fötlunar. Guðrún lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands (HÍ) árið 1996 og MA prófi í félagsráðgjöf við HÍ árið 2010. Hún starfaði sem félagsráðgjafi hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík árin 1996–2000. Frá árinu 2000 hefur hún starfað sem félagsráðgjafi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, fyrst á fagsviði einhverfu en síðan sem sviðsstjóri á fagsviði eldri barna frá árinu 2013. Hún hefur einnig verið stundakennari við Félagsráðgjafardeild HÍ og aðstoðarleiðbeinandi og prófdómari í lokaverkefnum á BA- og MA-stigi við HÍ. Guðrún er meðlimur og var um tíma formaður í fagdeild félagsráðgjafa sem vinna við málefni fatlaðs fólks. Hún er í forsvari fyrir fagråd um einhverfu á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.



Hinn 22. febrúar 2018 fékk Ingibjörg Ásgeirsdóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á heilbrigðissviði. Ingibjörg lauk BA-prófi í sálfræði við HÍ 1983 og ári síðar námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda. Árið 2000 lauk Ingibjörg diplómanámi í handleiðslu við EHI og 2005 meistaraprófi í fjölskyldumeðferð (MSW). Árið 2015 lauk Ingibjörg námi í EMDRfræðum. Ingibjörg hefur unnið á Landspítalanum frá 1986 í öldrunarmálum og á kvenna- og vökudeild, frá 2010 á göngudeild geðdeildar í sérhæfðu teymi, FMBteymi (foreldrar – meðganga – barn) og sótt námskeið og handleiðslu í Parent Infant Psychotherapy við Anna Freud Center í London. Frá 2000 hefur Ingibjörg ásamt Ólöfu Unni Sigurðardóttur félagsráðgjafa annast handleiðslu félagsráðgjafa á Landspítala og sinnt handleiðslu. Hún hefur starfað í Stuðnings- og ráðgjafateymi Landspítalans frá 2005. Ingibjörg hefur gegnt störfum í fræðslu- og samninganefnd FÍ, og starfað í fræðslunefnd og stjórn Handleiðslufélags Íslands.

Árlegt félagsráðgjafafélag fór fram á Hótel Hilton Reykjavík Nordica 16. febrúar 2018. Þingið var eitt það fjölmennasta með um 350 þátttakendum



Aðalbjörg Traustadóttir flytur erindið Stuðningur til sjálfstæðs lífs, notendasamráð og valdeffing.



Þátttakendur fengu Sögu Félagsráðgjafafélags Íslands og litríka innkaupapoka með merki félagsins og áletruninni Félagsráðgjafar vinna gegn mannréttindabrotum.



Vinnureglur nefndar um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf

Félagsráðgjafardeild skipaði nefnd um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf með erindisbréfi 1. febrúar 2017 og hefur hún það hlutverk að veita umsagnir til embættis Landlæknis um útgáfu starfsleyfa og sérfræðileyfa í félagsráðgjöf. Í nefndina voru skipaðar Sigrún Harðardóttir, Steinunn Hrafnadóttir og Guðlaug M. Júlíusdóttir. Störf sérfræðinefndarinnar byggja á reglugerð nr. 1088/2012 um menntun, réttindi og skyldur félagsráðgjafa og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi.

Til hliðsjónar við vinnu að þessum drögum að vinnureglum nefndarinnar var ofangreind reglugerð og skýrsla vinnuhóps um sérfræðileyfi sem í sátu Sigrún Harðardóttir, Guðlaug M. Júlíusdóttir og María Rúnarsdóttir. Vinnuhópurinn var skipaður í kjölfar fundar Félagsráðgjafardeildar HÍ með formanni FÍ í september 2015. Helstu tillögur vinnuhópsins voru:

1. Að Félagsráðgjafardeild HÍ skipaði sérstaka nefnd þriggja fulltrúa sem hafi það hlutverk að meta umsóknir um starfsleyfi þeirra sem ekki eru menntaðir á á Íslandi ásamt því að meta umsóknir um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf.
2. Nefndin skilgreini hvað það felur í sér að vera sérfræðingur í félagsráðgjöf.
3. Nefndin haldi fund í samstarfi við FÍ með sérfræðingum í félagsráðgjöf til að ræða hvernig megi nýta sérfræðinga í félagsráðgjöf faginu til framdráttar.
4. Nefndin haldi opinn fund með félagsráðgjöfum til að ræða hvað sérfræðiréttindi feli í sér og hvernig þróunin geti orðið næstu 10 árin.
5. Nefndin skilgreini viðmið um skilyrði um nám, handleiðslu og sérfræðisvið í félagsráðgjöf.
6. Nefndin skilgreini viðmið um skilyrði til starfsleyfa í félagsráðgjöf á Íslandi.

Tillögur nefndar um sérfræðileyfi um skilgreiningu á því hvað það felur í sér að vera sérfræðingur:

Sérfræðingur í félagsráðgjöf er félagsráðgjafi sem hefur sérþekkingu og er sérhæfður í að leysa viðfangsefni er snúa að hans sérsviði, ásamt því að bæta við þá þekk-

ingu með rannsóknum og stefnumótun á sviðinu. Sérfræðingur í félagsráðgjöf er frumkvöðull og leiðtogi í starfi og samþættir og nýtir fræðilega og gagnreynda þekkingu í starfi sínu, kennslu og fræðslu. Hann viðheldur þekkingu sinni og færni miðað við bestu þekkingu á hverjum tíma og leitast við að meta árangur starfa sinna.

Tillögur nefndar um sérfræðileyfi um almennar kröfur að sérfræðiréttindum til viðbótar því sem kveðið er á um í reglugerðinni:

- A. Þeir sem eru með fjögurra ára starfsréttindanámi skulu ljúka meistaranámi til þess að eiga kost á að sækja um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf. Að því loknu skulu þeir hafa a.m.k. tveggja ára starfsreynslu á sviðinu.
- B. Þeir sem eru með fimm ára meistaranám til starfsréttinda skulu ljúka viðurkenndu viðbótarnámi á sérsviði, t.d. diplómanámi eða doktorsnámi. Að því loknu skulu þeir hafa a.m.k. tveggja ára starfsreynslu á sviðinu.
- C. Umsækjendur hafi lokið 70 tímum í handleiðslu að loknu meistaraþrófi/viðbótarnámi hjá félagsráðgjafa sem öðlast hefur til þess réttindi. Meirihluti handleiðslutíma þarf að vera einstaklingshandleiðsla en tekið verður mið af því ef umsækjandi hefur einnig sótt hóphandleiðslu. Leyfilegt er að viðurkenna hluta af handleiðslu sem hefur verið fengin hjá öðru fagfólki en félagsráðgjafa (geðhjúkrunarfræðingi, geðlækni eða sálfræðingi sem uppfyllir sömu kröfur).
- D. Gerð er krafa um sjálfstætt ritverk sem hefur verið birt í viðurkenndu vísindatímariti eða í sérstöku riti eða bók þar sem fræðilegum kröfum er fylgt. Séu höfundar fleiri en einn og annað ekki tilgreint er hlutdeild í ritverki metin á þann hátt að tveir höfundar teljast eiga helmingshlut hvor. Prófrítgerðir til meistara- eða doktorsprófs eru að jafnaði ekki metnar nema þær hafi verið gefnar út á viðurkenndum ritrýndum vettvangi. Embættisskýrslur til opinberra aðila eru að jafn-

aði ekki metnar nema þær hafi verið birtar sem fræðilegar ritgerðir.

Sérfræðisvið:

Nefndin leggur til að gert verði ráð fyrir að félagsráðgjafar geti sótt um sérfræðiréttindi á eftirfarandi megin-sérfræðisviðum:

- Heilbrigðisþjónustu
- Klínískri félagsráðgjöf
- Barnavernd
- Öldrun
- Félagsþjónustu
- Skólafélagsráðgjöf
- Réttarfélagsráðgjöf

- Stjórnun
- Samfélags- og hópvinnu
- Fjölmenningu

Veita má sérfræðileyfi á öðrum sviðum en þeim sem nú er gert ráð fyrir, ef félagsráðgjafi hefur uppfyllt sömu kröfur og þær eru gerðar. Sérfræðinefnd úrskurðar um slík mál. Umsækjandi sækir um ákveðið svið og skilar inn greinargerð um forsendur og hæfni til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til að öðlast sérfræðiréttindi.

Samþykkt í Félagsráðgjafardeild 7. desember 2017. Viðmiðunarreglurnar tóku gildi 1. apríl 2018. Reglurnar verða endurskoðaðar ekki síðar en í apríl 2020.

Útskrifað úr handleiðslunámi

Fimmtudaginn 14. desember 2017 fór fram útskrift nema úr handleiðslufræðum hjá Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Eru það nokkur tíðindi því sautján ár eru liðin frá síðustu útskrift. Námið er þriggja missera nám til diplómagráðu og ber heitið „Faghandleiðsla – kenningargrunnur og tækni“. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor emerita við Félagsráðgjafardeild, er stjórnandi námsins og starfar í fagráði þess ásamt Steinunni Hrafnadóttur prófessor og Hervöru Ölmú Árnadóttur lektor. Námið var enn fremur skipulagt í samvinnu við Handleiðarafélag Íslands (Handís). Hóphandleiðarar voru Björg Sveinsdóttir, Helgi Garðarsson, Haukur Ingi Jónasson, Rannveig Guðmundsdóttir og Sæunn Kjartansdóttir.

Færri komust að en vildu í námið en til þess var boðið fagfólki með 4–5 ára háskólamenntun til löggiltra starfsréttinda á sviði félags-, heilbrigðis-, menntunar- og hegðunarfræða. Allir þátttakendurnir 25 luku náminu og útskrifuðust með diplómapróf í handleiðslufræðum.



Á myndinni má sjá hluta útskriftahópsins og hóphandleiðara ásamt dr. Sigrúnu Júlíusdóttur stjórnanda námsins.

Ljós. Hervör Alma Árnadóttir.